

Stjórnarfundur 17.júlí 2019 kl 12:00 á Kaffi Emil

Mættir eru: Garðar, Anna María, Kristín, Hinrik, Hermann og Helga Ingibjörg. Forföll Jófríður.

Garðar setur fundinn

Fundargerð síðasta fundar. Fundargerð samþykkt.

Heimasíða: Hugrún Elísdóttir hefur hafið vinnu í nýrri heimasíðu í Wix umhverfi. Samþykkt að leita eftir því að fá netfangið vestarr.is

Skilti: Ásgeir Ragnarsson hefur fyrir hönd Ragnars og Ásgeirs ehf, boðist til að fjármagna ný skilti á teiga fyrir næsta ár. Fyrirtækið RogÁ ehf verður 50 ára á næsta ári og GVG 25 ára. Stjórn GVG fagnar þessu framlagi RogÁ og færir forsvarsfólki þess bestu þakki fyrir stuðning við klúbbinn á liðnum árum. Umræða um útfærslur á skiltum. Fundarmenn sammála um með hvað hætti skiltin verða staðsett við teiga. Leitað verður tilboða í framleiðslu skiltanna.

Skýrslur frá nefndum: Skáli, búið að skipta um kælir í skála. Mótanefnd, meistarmóti lokið. Gekk vel, hefðu mátt vera fleiri keppendur, Soffamótið framundan, góð skráning, búið að fá vegleg verðlaun og Soffi ehf styrkir mótið. Umræða um mótamál. Vallarnefnd, búið að vökva, laga skemmdir við 8. flöt og panta efni í vökvunarkerfið og leggja krana við allar flatir.

Fjármálastaðan: Staðan er ágæt, ca 700 þúsund til í sjóðum umfram skuldir. Ragnar, Anna María og Garðar ætla að hringja út á mánudaginn 22. júlí í styrktaraðila og innheimta styrki.

Íslandsmót golfklúbba: Steinar Þór Alfreðsson verður liðstjóri karla. Mótstjórn er Ágúst Jónsson, Kjartan Sigurjónsson og Guðni E. Hallgrímsson, mótsstjóri og dómari Garðar Svansson. Hermann Geir verður til aðstoðar við mótsstjórn og ráðgjafi liðs. Lið karla í 50+ var afskráð.

Önnur mál:

- **Fatamál.** Er enn í vinnslu og er beðið eftir prufum frá ÍSAM.
- **Barna, unglunga og nýliðamál.** Umræða um með hvaða hætti sé hægt að ná til barna og unglunga í sveitarfélaginu, almenn ánægja var hjá börnum á leikjanámskeiðinu með kennslu hjá Einari kennara. Samþykkt að leita til hans um áframhald í vetur með kennslu fyrir börn og unglunga. Stjórnin fagnar áætlunum Klifurhússins að vera með golfhermi í húsakynnum sínum. Það mun auka getu kylfinga á Snæfellsnesi til að æfa golf yfir vetrarmánuðina og jafnvel gæti opnast sá möguleiki fyrir golfkennara að vera með kennslu í skammdeginu.

Fundi slitið 13:05